

234. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 13. júní 2025, á Teams

Mætt frá Breiðafjarðarnefnd: Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir, varaformaður, Valdís Einarsdóttir, Magnús A. Sigurðsson, Arnar Kristjánsson, Karl Kristjánsson og Sunna Björk Ragnarsdóttir.

Forföll: Arnheiður Jónsdóttir og varamaður hennar.

Fundarritari: Jakob Stakowski.

Formaður setti fund kl. 10.00.

1. Fundargerð 233. fundar Breiðafjarðarnefndar

Fundargerð 233. fundar nefndarinnar, sem var haldinn á Teams 23. maí 2025.

Afgreiðsla:

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

2. Umsögn vegna aðalskipulagsbreytingar í Reykhólahrepp - Flatey á Breiðafirði

Breiðafjarðarnefnd fékk beiðni um umsögn frá skipulagsfulltrúa Reykhólahrepps, þar sem óskað er eftir álitni nefndarinnar á fyrirhuguðu aðalskipulagsbreytingu. Fyrirhugað er að skrá þorpið í Flatey sem íbúðarbyggð.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd ræddi skipulagstillöguna. Starfsmaður nefndarinnar mun vinna drög að umsögn í samræmi við umræður á fundinum og senda nefndarfólki til staðfestingar áður en umsögnin verður send.

3. Skráning örnefna á Breiðafirði – staða verkefnis

Breiðafjarðarnefnd og Náttúrufræðistofnun Íslands, nú Náttúrufræðistofnun, hafa til margra ára unnið að samvinnuverkefni um skráningu örnefna í Breiðafirði. Verkefnið hefur verið í umsjón Þorvalds Þórs Björnssonar.

Nýlega barst Breiðafjarðarnefnd samantekt um framgang verkefnisins árið 2024 ásamt beiðni um að halda því áfram árið 2025. Á árinu 2024 voru skráð örnefni eyja, hólma og skerja á svæðinu frá Teigsskógi í Þorskafirði að Brjánslæk og Seftjörn. Auk þess var bætt við nokkrum sérnöfnum á eyjum og hólum sem tilheyra Heinabergi á Skarðströnd, einnig við bæinn Bæ í Reykhólasveit. Samtals voru skráð alls 2873 örnefni og hafa þau öll verið skráð í örnefnagrunn Náttúrufræðistofnunar og birt í kortasjá <https://ornefnasja.natt.is/>. Á árinu 2025 er gert ráð fyrir að skrá örnefni og varpfugla í eyjum og skerjum frá Brjánslæk út á Rauðasand. Þar fyrir utan eru viðbætur á nokkrum svæðum

Afgreiðsla:

Lagt fram til kynningar niðurstöður verkefnavinnu 2024.

Breiðafjarðarnefnd ræddi í kjölfarið möguleika á framhaldsvinnu með hliðsjón af fjárhagsstöðu ársins 2025. Starfsmaður nefndarinnar mun setja sig í samband við Náttúrufræðisstofnun til að vinna að framgangi verkefnis á næsta ári, þar sem fyrirhugað er að ljúka því.

4. Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar 2025

Breiðafjarðarnefnd er að undirbúa vettvangsferð árs 2025.

Afgreiðsla:

Nefndin ræddi vettvangsferðina og lagði hönd á áætlun um ferðina. Ferðin verður farið um Breiðafjarðareyjar þann 4. júlí 2025.

5. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður staðfundur í Flatey í vettvangsferð þann 4. júlí.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.15.